Wimmer 1809

Ausgaben

# V-i-l-j-i-n-n

| og vonin | dregur hálft hlass. | víst er það |
|---|---|---|
| No. 4. | 11. febrúar 1909. | 9. Ár |

Útgefandi. Lestrafélag Miklabæjarsóknar

Ritnefnd:
Gísli Björnsson
Árni Hallgrímsson
Jón Kristjánsson

## Til Viljans.

1. Ó, viljinn minn! þér lýsi ljós,
svo lýsir ödrum þú.
Um sídir hljóttu sigur-hrós,
þá sértu lítill nú.

Ef einhver vill vera svo gódur ad senda Viljanum ritgjörd, er hann vinsamlegast bedinn ad senda hana til Gísla Björnssonar, eda undirritads, af því A. Hallgrímsson er ekki heima nú sem stendur

Einnig er óskad eftir ad bladid liggi ekki lengi á hverjum bæ. Og fara vel med þad

Jón Kristjánsson

## Um jardabætur.

eftir Gísla Björnsson.

Eg mun hafa lofad því, ad styrkja ad útgáfu Viljans í vetur, og mun því ordid meir en mál, ad fara ad sýna einhvern lit á því. Eg hefi ýmissa orsaka vegna ekki getad sinnt því alt ad þessum tíma, en nú finn eg ekk-ert undanfæri lengur, eda neitt þad er eg geti fundid mér til afsökunar, nema ef vera skyldi letin, en hún mun heldur ekki þykja gjald-geng vara.

Eg tek því pennann mér í hönd og held svo fram á ritvöllinn, án þess þó ad hafa nokkurt sérstakt áform fyrir augum, eda vita med vissu hvad eg helst á ad starfa, hvort heldur eg á ad höggva eda leggja med vopninu, eda skjóta því sem ör af

boga. eða hvort jeg get notað pennann
til als þessa. það er mér ennþá ráðin
gáta. Eg nem því staðar, og bíð eptir
því að mér detti eitthvað í hug, sem
jeg gæti spreitt mig á; en samt heyr-
ist mér að hvíslað sé að mér. „Ritaðu
um skemtanir". Nei: nei; það eru eng-
in tök að því. eitthvað annað. „Þá
bara eitthvað svona rétt út í bláinn
bara fjörugt og hlægilegt". Já gjarn-
an vildi jeg gjöra það, en til þess þarf
jeg sjálfur að vera kátur og fjörugur,
en nú er jeg hvorugt. og verður það
því að bíða betri tíma.
„Skrifaðu um jarðabætur skömmin
þín". var nú hrópað svo hátt að jeg
var nærri því rokinn um koll, og
álít því að það hefði gjarnan mátt
vera ögn lægra.
Já; jarðabótum er jeg kunnugur
og eitthvað ætti jeg að geta sagt

um þær; það verður líklega ekki á
betra völ, og mun því bezta að hlýta
því. Eg ætla því að velja þann veginn
og skrifa um það, hverjar jarðabætur
hafa helst verið gjörðar á síðast
liðnum árum. hverir mest hafa
starfað að þeim, hvernig þær líta út
o. s. f. v. Eg verð að fara í huganum
yfir það svæði sem mér er kunnugt
um sem. mælingamanni. því annar-
staðar er eg ókunnugur og þekki ekk-
ert. Svæði þetta eru 3 hreppar
hér í frammparti sýslunnar, og eru
því þessir:

Lýtingsstaða hreppur.

Seilu hreppur.

og Akra hreppur.

Eg held það sé best að taka
hvern hrepp út af fyrir sig, og
skal eg nú skýra frá eptir því
sem eg best man og er þá:

1. Lýtingsstaða-hreppur

Búnadarfélagid í Lýtingsstada-
hrepp. hefur til fleiri ára verid
med öflugustu búnadarfélögum
landsins. Medlimir þess hafa
allaftast verid frá 40 til 50 ad
tölu. Félag þetta hefur því stórfát
mjög mikid ad jardabótum, en
nú virdist sem þad muni
vera búid ad lifa sitt fegursta,
því nú fer því hnignandi ár
frá ári: Orsökina til þess þyk-
ist eg vita, en um hana ætla
eg ekki ad ræda hér. því slíkt
er einka mál Lýtingsstadahrepps
búa.

Helstar jardabætur í Lýtings-
stada hrepp eru: Þúfnasléttur
og gaddavírsgirdingar. Á stöku
stad eru skurdir, svo sem á
Steinstödum Álfgeirsvöllum og
Brekkukoti. Flódgardar
eru þar hvergi nema á Álf-
geirsvöllum og Mælifelli mætti
þá vída hafa uppistödu med þann
Svartánni. Torfgardar um tún
eru á nokkrum stödum, svo sem
Hóli Nedrakoti Hafgrímsstödum
og vídar, en þó ekki nema spotta.
Ádeins einn madur í öllum þess-
um 3. hreppum hefur unnid of-
ur lítid ad lokræsagjörd; það er
búfrædingur Egill Benidiktsson
á Svanastödum; hann hefur sett
þau í túnid sitt, og virdast þau koma
ad gódum notum.

Matjurtareitir eru sama sem ekk-
ert stundadir í hreppnum og eg
man ekki eptir ad hafa séd þar
nema tvö áburdarhús og eina
safnþró. Áburdarsafnhúsid er
annad í Kolgröf en annad á
Skídastödum, bædi fremur vel
bygd, en lítil. Safnþróin er á

Brenniborg; hún er heldur ekki
stór, en vel gerð, steinlímd innan
og því lag held.
Þúfnasléttan er aðal jarðabótin
eða sú algengasta, og er víða í
hreppnum búið að slétta stóra
bletti. Á seinni árum hafa þá 3
menn skarað fram úr í þeirri
grein, þeir eru: Gísli Björnsson
á Skúlastöðum, (þar eru innan
myndarlegastar sléttur í þeim
hreppi) – Jón Jóhannesson Neð-
ra Koti; (sléttar hann einnig vel) – og
Sveinn Gunnarsson Mælifellsá; en
þar er ekki vandvirknin síni fyrir
að fara því hún er als engin.
Garðaveggjagirðingar hafa mikið
rutt sér til rúms nú á seinni ár-
um, og eru því nokkrir byrjir
að girða tún sín með því efni,
svo sem t.d. Sigfús Jónsson
Mælifelli. Jóhann hreppst. á
Bræðrastöðum, Tómas Pálsson Brú-
stöðum, Ólafur Sveinsson Starrastöð-
um – (að nokkru leiti með vír, en að
hinu með skurðum.) – Jón Pétursson
Nautabúi: Guðmundur í Gilkoti.
Gísli á Skúlastöðum. Stefán á Brenni-
borg bæði heimatúnið og Laufás-
túnið. Guðmundur á Reykjum
hefur afgirt. Gerði: eða beitarhúsa-
tún. en fremur er túnið girt í
Neðra-Koti að sunnan, með vír. en þá
mest með görðum og skurðum. Hjá
Stefáni í Efra Koti er einnig túngirð-
ing, mest megnis vír, og sömuleiðis
hjá Bjarna í Þorsteinsstaðakoti;
þessar 2 síðast töldu girðingar voru
í miklu ólagi í haust og er því
hætt við að telja þær, sem fullgildar.
Hjá Sigmundi á Vindheimum er
túnið girt með vír, en eg man ekki
eftir að hafa séð þá girðingu í góðu
lagi. Séra Sigfús á Mælifelli hef-

-ur einnig afgirt engið hjá sér, og
er það mikil og góð girðing. Sömu-
leiðis hefur Jón á Nautabúi afgirt
engi og Guðmundur í Gilkoti að
nokkru leiti: Allar þessar girðingar
eru eingöngu gaddavírs girðingar.
Traustust af öllum þessum girð-
ingum mun vera girðingin hjá
hjá Jóhanni hreppstjóra Péturssyni
á Brúnastöðum. til henna hefur
hann aðeins brúkað vena tréstólpa
og tilmyndaða járnstólpa, sem eru
ákaflega sterkir, enda kostaði hver
þeirra: 1 kr. 15 au. Girðingarnar
á Nautabú Skíðastöðum Bústöðum
og Mælifelli eru einnig vandaðar, þótt
þær séu ekki eins rambyggðar.
Grjótgarðar, tvíhlaðnir, eru að mig
minnir ekki nema á tveimur jörð-
um. Gilsum þar er tölvert mikið
af túninu girt með grjóti; og sér dá-
lítill grjótgarðs-stúfur í Teigakoti

en hann er svo vel hlaðinn, að jeg
hef aldrei slíkann séð. Garðinn
hefur hlaðið unglingspiltur, Pétur
að nafni, fóstursonur Péturs gamla
er þar býr. Í Litladal hefur
mikið verið starfað að jarðabótum,
þar hef jeg séð fallegar sléttur og
vel hlaðinn túngarð, en mest af
jarðabótunum voru gjörðar áður en
jeg tók við mælingunum, og eru þær
mér því lítt kunnar.
Á Vindheimum Neðrakoti; og mig
minnir Litladal voru plægð stór flög
til undirbúnings undir grasfræsáð-
ingu; um stærð þeirra veit jeg ekki:
því þau eru ei þá ómæld.
Stapa-vatn er stórt vatn vestan und-
ir Stapa; úr því liggur langur
skurður og djúpur til norðurs, sem
Daníel bóndi á Steinsstöðum hefur
gera látið, og er það tölvert mikið verk,
við það hefur lækkað í vatninu líklega

um 3. fet. Lýtingsstaða hreppsmenn hafa sumir hlotið verðlaun úr Ræktunarsjóði Íslands fyrir unna jarðabætur, þær eru:
1. séra Sigfús Jónsson Mælifelli: 125 kr. Aðal jarðabót hans eru gaddavírsgirðingar, og eru þær að lengd 1986 faðmar.
2. Sveinn Gunnarsson Mælifellsá 75 kr. Það er mest unnið að þúfnasléttum og hefur hann sléttað nú síðastl. 6 ár als 4894 □ faðma.
3. Gísli Björnsson Skíðastöðum 50 kr. Það er túngirðing 527. faðm. og svo hefur hann sléttað á 4. árum 3117 □ faðma.
4. Jón Jóhannesson Neðrakoti 50. kr. mest fyrir túngarðshleðslu og þúfnasl.
5. Tómas Pálsson Bústöðum 50 kr. það er túngirðing 450 faðma.
Mig minnir að fleiri hafi hlotið verðlaun en nú eru taldir, en af því jeg er ekki alveg viss um það, vil jeg eigi segja

segja þá hér, enda gerir það minst til hvort þeir eru taldir hér allir eða ekki.
Að svo mæltu læt jeg útrætt um Lýtingsstaða hrepp og óska þess að búnaðarfélagið þar megi lengi lifa og lengi starfa, landi og lýð til gagns og sóma.

## 2. Seiluhreppur

Búnaðarfélagið í Seluhrepp. hefur altaf verið fremur lítið, meðlimatala þess frá 10.–15 vanalegast, en þar hefir verið ötulir menn innanum, sem hafa haldið félagsskapnum við með dugnaði sínum, og má sjerstaklega til þess nefna bónda öldunginn Guðmund Sigurðsson í Ytra-Vallholti: sem hefur ákaflega mikið starfað jarðabótum og byrjaði það manna fyrstur. Hann er sá eini Seluhreppsmaður sem hlotið hefur verðlaun úr Ræktunarsjóði Íslands.

mig minnir þad veru 75 Krónur
gardabætur í Selulrepp eru margvís-
legar, þó munu þúfnasléttur vera
þar, einsog annarstadar, algengasta
jardabótin. Vörgirdingar eru nú ad
þjóta þar upp og er búid ad girda þar
sumstadar túnin med því efni: t.d.
á Stóru-Selu, Geldingaholti, Marbæli
og ad nokkru leyti á Vallanesi og Vall-
holti. Vörgirdinga til ad verja engi
eru í Vallanesi, Krossanesi og
Löngumýri, einnig er afarmikil vör-
girding um bithaga á Stóru-Selu.
Skurdir eru nokkud vída, bædi til
vatn og vörzlu, mestur vörzluskurdur
er í Krossanesi hjá Jósafat Gud-
mundssyni; skurdur sá liggur fyrir
austan engid og er hann 985 fadma
langur, er þad mikid þrekvirki
unnid af einum leiguliða.
Flódgardar eru enskeur í Hólminum
og þad hvervetna mikil: t.d. í Ytra-

-vallholti og Vallanesi. Stýflugardar
eru sérstök tegund flódgarda; þeir
eru settir í sýki, árfarvegi og þviml.
þeir eru vída ú til í Selu-hrepp og
eru þad fögur og mikilfengleg mann
virki.
Stýflugardar þessir eru, ad mig minnir
2 í Ytra-vallholti,- 1 í Húsey og 2 í
Vallanesi. Valdimar í Vallanesi byggdi
annann sinn Stýflugard nú sídastl. sumar
og gerdi hann millí 50 og 60 dagsverka.
Matjurtagarda hafa Seluhreppingar
lítla ad undanskildum Reykjarhóls-
gardinum, sem alltaf þekktur og er því
óþarfi ad minnast á hann frekar hér.
Einna mesta þúfnasléttur munu vera
hjá Tobíasi Magnússyni í Geldinga-
holti og jafnvel bezt gjördar þar um
slódir,- nokkud svipadar þó í Ytra-
vallholti hjá Gudmundi Kárli og þar
eru margir flódgardar spottkornslegir

hadinn. Því sýnir hann geta bæði verið velvirkur og mikilvirkur.
Þrír Valnakreppsbúar ætla nú í vetur að sækja um verðlaun úr Ræktunarsjóði Íslands, og tel eg enganveg vafa á því að þeir hljóti þau, því þeir eru hver um sig sannkallaðir jarðabóta berserkir og eiga fáa sína líka; menn þessir eru: Björn Jónsson Stóra-Seli, Valdimar Guðmundsson Vallanesi og Tobías Magnússon Geldingaholti:
Eg ætla því að gamni mínu að setja hér jarðabætur þeirra og eru þær þessar:
1 Jarðabætur Björns á Stóra-Seli, hverjar hann hefir látið gera á 4 árum

| | | | |
|---|---|---|---|
| a | Þúfnasletta 891 □ faðm | Dagv. | 74,3 |
| b | Víragirðing 5932 faðm | " | 1186,4 |
| c | Matjurtareitur 120 □ faðm | | 6. |
| d | Torfgarður 36 faðm | | 9. |
| e | Flóðgarður lengd 60 fet. br 4 fet. hæð 4 fet | | 6,4 |
| d | Skurðir, lengd 704 faðm. br 3 fet dýpt 1 fet. | | 25,3 |

Samtals 1307 Dagv.

Eins og sjá má af þessu liggur dagsverka fjöldinn aðallega í víragirðingunni enda er hún víst sú lengsta girðing á landinu, sem gjörð er af einum manni.
2 Jarðabætur Valdimars í Vallanesi þær eru unnar aðeins á tveim árum 1907 og 8. Það mætti segja um girðingarnar hjá Valdimar að hann hefði fengið styrk til að koma þeim upp þar sem þær að nokkru leyti eru gjörðar vegna hrossakynbótabúsins, sem hjá honum er, og ~~sk~~ er það ekki alskostar rétt, því enn hefir hann ekki fengið svo mikinn styrk að svari sem svarar því, því verði sem hann hefir orðið að borga út fyrir kynbótafolöld.
Jarðabæturnar eru þessar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a | Þúfnasletta 1320 □ faðm. | Dagsv. | 110 |
| b | Víragirðing 3332 faðm. | " | 666,4 |
| c | Girðing úr torfi 15 faðm. | " | 3,8 |
| d | Stíflugarður lengd 14 faðm br. 9 fet hæð 11 fet | " | 55,4 |

Áfram h. h. v.

e. Styflugarður lengd 33 faðm. br. 3 fet hæð 5 fet 19,8
f. Vatnsskurður lengd 130 faðm br. 5 fet dýpt 3 fet 33,4
g. Flóðgarður lengd 43¼ faðm br. 2 fet hæð 1 fet. 21,7
h. Flóðgarður lengd 40 faðm. br. 4 fet hæð 2 fet. 7,7

Samtals 918,2

Hvernig lýst ykkur á, að enn á tveimur árum hefur Valdimar komið öllu þessu í verk og þar að auki byggt stórt og vandað fjárhús, hann situr víst sjaldan aðgjörðalaus, eða lætur menn sína ganga marga klukkutíma með hendurnar í vösunum eins og sumstaðar vill til.

3. Jarðabætur Tobíasar, Geldingaholti.

Þær eru gjörðar á 5 ára tíma og eru þessar:

a. Þúfnasletta 2608□ faðm. Dagsv. 217,3
b. Girðing 1100 faðmar —"— 220,
c. Girðing úr torfi 10 faðm —"— 2,5
d. Flóðgarður 20 faðm. hæð 2 fet br. 3 fet 2,8
e. Flóðgarður 12 faðm hæð 2 fet br. 5 fet —"— 2,9
f. Vatnsveituskurður 80 faðm. dýpt 3 fet br. 4 fet 16,5

Framhald



g. Vatnsskurður 330 faðm. dýpt 1 fet br 6 f 23,6
h. Vatnsskurður 260 faðm. dýpt 1 fet br 6 fet 18,7
i. Safnþró lengd 22 fet br. 5 fet dýpt 6 fet 6,5

Samtals 510,8

Það er auðvitað að jarðabætur hjá Tobíasi eru langminni að dagsverkatölunni, en aftur er það aðgætandi að mikið liggur af þeim í þúfnasléttunum, sem eru seinunnar ef vel eru gjörðar eins og þarna á sér stað, það þarf því nokkurn vinnukraft. til að slétta hér um bil 3 vallar dagsláttur með handverkfærunum. Eg held eg verði að minnast hér á eitt atriði; þótt það að vísu sé eigi talið sem jarðabót, en er þó í raun og veru margri jarðabót betri:

Þetta er vatnsleiðslan sem Tobías í Geldingaholti kom á hjá sér síðastliðið haust; hún er öll 100 faðma löng lögð með járnpípum. Þar hagar svo leiðis til. að fyrir ofan túnið eru tveimur

sem er aðal-vatnsbólið, í hann er
vatnsleiðslan lögð. Skamt þar frá
á túninu eru fjós-hús, þar er höfð
pumpa eða vatnsdæla, sem dregur
vatnið úr brunninum til sín gegn-
um pípuna, þar er því pumpað í
vatns-ílát, og úr því liggur aftur pípa
heim í fjósið og bæinn, en þar e[r]
nógur halli svo vatnið rennur
sjálft og þarf því ekki annað en
að snúa krana, svo streymir vatnið
inn. Vatnsleiðsla þessi kostaði með
öllu, hér um bil 370 krónur, svo hún
er nokkuð dýr, en þægileg er hún.

Mér hefur orðið bísna skrafdrjúgt
um jarðabætur í Seluhrepp, en
það fer nú óðum að styttast.
og ætla aðeins að minnast ögn
á vírgirðinguna í kring um túnið
hjá Árna gamla hreppstjóra á
Marbæli, hún er 393. faðma löng

og svo vönduð að hún ber af öllum
girðingum í Seluhrepp, og má því
segja að hún sé svip við eigandann,
því mitt hugboð er að Árni sé
vandaðasti maðurinn í þeim hreppi
að hinum öllum alveg ólöstuðum.

Ég er ekki hræddur um að
búnaðarfélagið í Seluhrepp eigi
sér ekki en glæsilega framtíð
fyrir höndum, ekki síst meðan
þessir jarðabóta-kappar, sem eg
hefi minst á, eru á uppréttum
fótum, en það getur orðið nokkur
ár enn, því sumir þeirra eru en
ungir að aldri, og geta þeir því
haldið lífi og fjöri í félagsskapnum,
sér og öðrum til gagns og sóma.

---

Um Akrahrepp verður ritað
í næsta blaði Viljans. G. B.

Hitt og þetta. eptir Jón Kristjánsson.

Enn í dag mun það þykja heldur þungur kross að vera fátækur og kannske jafnvel margir til sem ekkert þora að bjóða sér, ef þeir eru fátækir. Það er enn og þeir geta ekki beitt eins vel hæfileikum sínum, á neinn hátt, eins og þeir ríku. Þetta virðist mér ennþá þorast í vöxt, velja einstaklingarnir, sei stækleg fátæklingarnir er ekki eins einbættur og sterkur nú á tíðum eins og hann var áður og það stærst í aska mannkynsins. Ekki spræin, eptir einhverja mæru, aðra og fullkomnara, lýjót sér enn meir í framkomu fyrri stærri en hann gerir nú.

Lífið er stríð gegn náttúrunni, sem alltaf þarfnast góða foringja, enda hefur forsjónin ætíð skaffað þá, og ekkert skort sig um að hafa þá af hinum stigum frekar en hinum lægri. Þeir menn sem mestu hafa orkað til lagfæringa á braut mannalífsins hafa opt verið fátækir og af lágum ættum, hafa haft ýmsa erfiðleika við að stríða og jafnvel sætt svívirðilegustu meðferð af andstæðingum sínum; til þess mætti nefna ótal dæmi, en þess gerist ekki þörf hér því nægilegt höfum við að lesa þess efnis.

Enn þá get eg varla látt hjá mér að minnast á Bernhard Palissy sem fyrstur manna fann upp glerunginn á leirílátunum. Hann var frakkneskur og átti fátæka foreldra, sem ekki gátu mett menntað hann, en samt lærði hann að lesa og skrifa og draga upp myndir. Þegar hann var 18. ára þá hann burt úr föðurhúsum með pokka á bakinu. til þess að leita sér atvinnu. og í tvo ár var hann á einlægum flækingi:

Einu sinni sagði hann svo frá: „Eg hafði engar bækur, himininn og jörð var aðal bókin sem mér stóð opin einu og öðrum.“

Að þessum orðum ætti ungu menninir að gá og hugsa um það. Bernhard kunni að meta þessa dýrðlegu bók. Hann sá að þar voru margar fræðigreinar — skráðar hinu dularfulla letri — til að lesa. Þetta ætti sem flestir að gjöra. Náttúran er sú ýdislegasta bók sem við höfum, hin fjölbreyttu öfl náttúrunnar standa sem dulrúnir eða ráðgátur fyrir augum okkar og vekja undrun okkar, en þó virðist mér að menn yfirlett gjöri sér of lítið far um að kynna sér hina yfirgrips-miklu þýðingu þeirra.

Fátæki maðurinn á ætíð örðugt með að afla sér mentunar. Hann þarf að hafa einbeittann og góðan vilja til þess. Hann þarf að leggja á sig ýmsar þrautir fram yfir hina ríku. — en sá verður opt mikil hæfastur sem mest þarf að stríða. Stríðið gerir manninn hraustann og hæfann til að taka á móti því sem menn kalla-hið mótdræga.

Það er fögur hugmynd þá tæki ungmennis að leggja út á menta-veginn með sterkann vilja og hrausta hendur reiðubúnar til að vinna hvenar sem þar þurfa og geta komið því við; þar er sigurinn vís. ef lífs-farinn bilar ekki. Þar vex fagurt tré upp af fátæklegum jarðvegi. Þetta tré ber af hinum tilli og vinna tyjóm og e sem leiðarstjarna þeirra og fyrirmynd.

Hinir miklu þjóðskörungar liðinnar alda. — sem margir voru af fátækum

ættum. — ein og verða sem ljóandi stjarna í hugsjónalífi þjóðanna kynslóð eftir kynslóð. og hver getur sagt hve langt ein stjarna getur ljóst inn í leyndardóma hinnar huldu náttúru með tímanum. Hvert sem maður vill halda þarf maður fyrst að stíga fyrsta sporið í áttina, sé það aldrei stigið stendur maður kyr. Það er því aðal skyldurðið fyrir framþróun mannsins og þjóðfélagsins í heildinni að standa ekki í stað en stíga fyrsta sporið því sem sé sýðast blánt að enda skeiðið og lífskraftar hans þrotnir. Þessa fótgöngu þurfum við að hefja, bæði ríkir og fátækir, hvor heldur við erum af háum eða lágum stigum, við höfum allir sama réttinn sama lögin, sömu storfsþjóðina. því það er okkar skylda að vinna bæði sjálfum okkur og öðrum gagn.

## Gáta

Eg var á ferð, og kom að bæ, sem hét kamphandursflet. Eg barði að dyrum og bóndinn kom út; hann kvaðst heita stríðsenda-hinn. Eg bað karl að gefa mér að drekka, og inn gekk hann, en út kom brátt ein undur gátt. Mig langaði til að vita hvað hún hét, og sagði hún mér það um leið og var svo fljót að því að mér varð næstum hálf illt við, svo hátt glumdi í henni. „Eg heiti Eygló í verkog liturfannar". Þetta getur dá skilið auðvinn þinn, þá það sé ekki alveg með berum orðunum því megið nærri geta hvernig mér varð við því nú kvaninn meira og hærra í henni en áður. mér syndist líka að hún ætla hreint að gleypa mig. svo var hún ofsaleg í

augunum. Ekki fór nú að leiðast
eftir drykknum og neyddist ég
loksins til að stynja því upp við
hana, hvort hún mundi gjöra svo
vel að gefa mér ögn að drekka, hún
kvaðst mundi gjöra það ef ég vildi
og gáta, ráðið gátu um drykkinn sem
hún ætlaði að gefa mér. Ég vildi
náttúrlega reyna það, því ég var
mjög þyrstur. „Jæja“, mælti dyngjan,
„þá er gátan svona: „Ég gef þér að
drekka úr mannsefni drykk þann er
saman settur er af smíðatækis
veðrastöðvar, matarbækis og fleiri
efna samsteypu.“ Ég gat strax ráðið
þetta en svo hefði ég gaman af
að fleiri réðu hana og þess vegna
læt ég hana hér. Ég fékk náttúr-
lega að drekka þegar ég var búinn
að vinna til þess og svo fór ég og
skvetti upp apturfótunum, henni til
virðingar.

Stutt lýsing Reyðarfjarðar
ásamt dálitilli sögu, sem þar gerðist.
Reyðarfjörður gengur inn í landið
austanvert í norðvestur, eða heldur
norðan við hávestur. Mynni fjarðarins
er við svokallaðann Vattanestanga
og gengur svo fjörðurinn beint inn, þar
til kemur inn að Hólma fjalli; þar
skiptir fjörðurinn sér og heitir Eski-
fjörður að norðan, en Reyðarfjörður
að sunnan. Eskifjörður nær ekki
eins langt inn í landið eins og Reyðar-
fjörður. Hólma fjall er hátt og bratt-
legt en um leið mjög tignarlegt á-
sýndum, það er að sjá drangið og mynd-
ar hnjúk efst; úr því hafa opt fallið
skriður og snjóflóð og stundum hafa
þa verið svo miklar, að öldugangur
norðanvert í firðinum hefur gjört
tjón, brotið báta o.s.f.v.
Ég ætla ekki að minnast á neina
þá parta fjarðarins, sem mér þykir

kveda mest ad og ætla jeg þá fyrst
ad tala um Helgustada fjall. Þar
þadi sjálfu sér sé ekkert merkilegt
fremur ödrum fjöllum. ad fráskildri
silfur bergs-námunni. sem þar er. Ad
vísu getur madur sagt ad fjallid sé
vel smídad af gudi og náttúrunni eins
og allt annad; þad liggur í bygdar-
sem er þó lítilst- inni í landid. en er
nokkurd slétt og jafnhátt eftir því
sem mig minnir best eftir.
Þad er einkennilegt ad sjá timbur-
hús. med flagg-stöng. hátt uppi í
fjalli: Hús þetta er skamt frá
námunni. Þegar sprenging fer
fram inni í námunni og dynamitid
þyrlar upp grjótinu, er flaggid
dregid upp. til þess ad advara
menn vid ad þeir komi ekki of ná-
lægt á medan á sprengingunni
stendur.
Hólmar (prestsetur) standa undir

Hólma fjalli sunnanverdu; þad er
gód bújörd og þar er ædarvarp tölu-
vert mikid í hólmunum sem eru fram
undan bænum. Sómastadir eru næsti
bær fyrir innan Hólma; þad er einnig
mikil bújörd. Inst vid botn Reydar-
fjardar er Búdareyri; þar var ein
verzlun þegar jeg vissi seinast til og
fáein þurra búdar hús. Inn af Búdar-
eyri er dálítil bygd og er þad pláss
samnefnt firdinum. Einnig er dálítil
bygd inn af Eskifirdi og þar heitir
einn bær Eskifjördur. Á Eskifirdi
eru nokkud mörg hús; þau risu upp
á fáum árum, þá var svo mikill fiski
og síldarafli á Reydarfirdi ad allir
núverandi menn vildu setja sig þar á
laggirnar, en svo brást aflinn eft[ir]
nokkur ár og fátækt og vesaldóm[ur]
fór þar vaxandi ár frá ári og menn
fóru ad flytja þadan og húsin stódu
tóm.

Framm h. í næsta bladi

Viljinn komi við á
þessum kotum, verði hann
sem flestum þar að notum.
þerri hann tár af þegna-
augum votum. þeyti burtu
öllum hryggðar- lotum. J. K.

Syðstu grund.
Stóra [illegible].
[illegible] stöðum.
[illegible]undarkoti
Vaglgerði og Vöglum.
Hrólfsstöðum
Mikli bæ
[illegible]koti
[illegible]völlum
a[illegible]silju og Sólheimum
[illegible]umagerði
[illegible]staðakoti
[illegible] kerpi
Uppsölum. þaðan að Miklabæ
aftur

[illegible] 1908.